

# STJÓRNARTÍÐINDI B 23 — 1984

9. maí 1984

333

Nr. 221

## REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Hvalbaksgrunni.

1. gr.

Frá og með 11. maí 1984 uns annað verður ákveðið eru allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu bannaðar á svæði, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |                |             |
|----------------|-------------|
| 1. 64°27'12" N | 12°49'20" V |
| 2. 64°15'17" N | 12°46'55" V |
| 3. 64°11'37" N | 13°13'00" V |
| 4. 64°21'47" N | 13°21'38" V |

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 11. maí 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1984.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Pórður Eypórsson.*